

greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Idex Aps.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað kr. 25.000,00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. janúar 1988.

Nr. 12/1987. **Dansk Finér-Center A/S**

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

Trésmiðju Þorvaldar Ólafssonar hf.

(Jón G. Briem hdl.)

Skuldamál. Aðildarskortur. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 12. janúar 1987. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum danskar krónur 20.330,18 með 1,5% dráttarvöxtum á mánuði eða hluta úr mánuði frá 1. mars 1986 til greiðsludags. Til vara krefst hann lægri fjárhæðar þó eigi lægri en 11.304,25 danskar krónur ásamt vöxtum eins og í aðalkröfu greinir. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi framseldi áfrýjandi kröfu sína, sem var byggð á tveimur reikningum, til Andelsbanken Danebank A/S í Danmörku, en reikningarnir eru dagsettir 6. júlí 1984 og 6. ágúst 1984. Stefndi skilaði aftur hluta af hinum útteknu vörum fyrir samtals danskar krónur 25.668,39. Áfrýjandi sendi stefnda kreditnótu þar sem síðastgreind fjárhæð er tilgreind. Kreditnótan er dagsett 25. mars 1985. Af því tilefni sendi Andelsbanken Danebank A/S símskeyti til Landsbanka Íslands dagsett 6. júní 1985 þar sem hann tilkynnir að Landsbankanum sé heimilt að lækka innheimtukröfur að fjárhæð danskar krónur 44.490,28 og danskar krónur 22.374,38 um danskar krónur 25.668,39 samkvæmt kreditnótu. Ekki kemur fram í skjölum málsins, að áfrýjandi hafi fengið kröfuna á hendur stefnda framselda til sín frá Andelsbanken Danebank A/S. Þegar stefndi hinn 20. febrúar 1986 greiddi Landsbanka Íslands í Keflavík, var Andelsbanken Danebank A/S tilgreindur kröfuhafi og er ekki fram komið að áfrýjandi hafi eignast hugsanlegar eftirstöðvar hennar eða aðra kröfu vegna þessara viðskipta. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms vegna aðildarskorts áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum er rétt að áfrýjandi greiði stefnda 25.000,00 íslenskar krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Dansk Finér-Center A/S, greiði stefnda, Trésmiðju Þorvaldar Ólafssonar hf., 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 14. október 1986.

I

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. september sl., hefur Valgarð Briem hrl. f.h. Dansk Finér-Center A/S, Silkeborg, Danmörku, höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur gegn Trésmiðju Þorvaldar Ólafssonar hf., Iðavöllum 6, Keflavík, með áskorunarstefnu birtri 22. febrúar 1986.

Við þingfestingu var mætt af hálfu stefnda og málinu vikið til venjulegrar meðferðar. Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða sér danskar kr. 20.330,18 auk 1,5% dráttarvaxta pr. mánuð af þeirri fjárhæð frá 1. mars 1986 til greiðsludags og málskostnað „frá þingfestingar-

degi til greiðsludags“ samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Skýrslu fyrir dóminum hefur gefið Þorvaldur Ólafsson, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri stefnda.

II

Stefndi keypti spón af stefnanda fyrir d.kr. 44.490,28 samkvæmt reikningi dags. 6. júlí 1984 og d.kr. 22.374,38 samkvæmt reikningi dags. 6. ágúst 1984. Á báðum skjölunum eru letruð þessi ákvæði: „Rentefri accept pr. 31. október 1984 gennem Landsbanki Íslands, 235 Keflavíkurflugvelli“ og „Ovennævnte fordring er overdraget til Andelsbanken A/S, Silkeborg-afdeling til eje eller pant. Beløbet kan derfor kun med frigørende virkning betales til banken.“

Vörurnar voru sendar með skipi til Íslands. Hluta þeirra var skilað aftur og í málinu var lögð fram kreditnóta, dagsett 25. mars 1985, að fjárhæð d.kr. 25.668,39 með áletrun þess efnis að hún varði reikning dags. 6. júlí 1984. Að öðru leyti kvað Þorvaldur Ólafsson viðskipti aðilanna hafa að þessu sinni orðið á sama hátt og alla tíð frá upphafi þeirra árið 1980. Vörureikningarnir hafi verið sendir í Landsbanka Íslands. Hann hafi gengið frá greiðslu þeirra með samþykkt víxla, sem fylgdu reikningunum, í útibúi bankans á Keflavíkurflugvelli. Hann hafi þá fengið reikningana með greiðslustimplun svo og farmbréf og fengið vörurnar afhentar eftir að hafa staðið skil á tolli.

Andelsbanken sendi Landsbanka Íslands símskeyti hinn 6. júní 1985 þess efnis að fjárhæð kreditnótu mætti draga frá samanlögðum fjárhæðunum d.kr. 44.490,78 og d.kr. 22.374,38.

Valgarð Briem hrl. sendi stefnda hinn 28. janúar 1986 innheimtubríf þar sem krafist var greiðslu skuldar við stefnanda máls þessa að fjárhæð d.kr. 48.611,27 „auk vaxta skv. samningsskilmálum“, höfuðstóll og vextir samtals d.kr. 51.527,95 og innheimtuþóknun ísl.kr. 31.697,00. Skrifstofa lögmannsins var tilgreind sem greiðslustaður. Hinn 20. febrúar 1986 greiddi stefndi ísl.kr. 216.941,00 í Landsbanka Íslands, útibúi á Keflavíkurflugvelli, og fékk afhent eftirtalin skjöl greiðslustimpluð af bankanum: 1) Kvittun fyrir greiðslu til handa Andelsbanken á víxli útgefnum af stefnanda að fjárhæð d.kr. 44.490,28 að frádregnum d.kr. 273,47 en viðbættum bankakostnaði. 2) Framangreindan víxil, útgefinn 6. júlí 1984 með gjalddaga 31. október 1984. Hann var samþykktur af Þorvaldi Ólafssyni, greiðslustaður hans tilgreindur Landsbanki Íslands, Keflavíkurflugvelli, og hann var ábektur af stefnanda, Andelsbanken A/S og Landsbanka Íslands. 3)

Framangreinda kreditnótu með svofelldri áritun (í þessari röð): „Greiddi upp kröfu 101-704068 d.kr. 22.374,38 + drv. 3.020,54 = 25.394,92. Eftirst. 273,47.“

III

Í áskorunarstefnu var krafist greiðslu skuldar að fjárhæð d.kr. 41.196,27 auk 1,5% dráttarvaxta pr. mánuð eða hluta af mánuði af þeirri fjárhæð frá 1. nóvember 1984 til greiðsludags og málskostnaðar. Skuldin er sögð hafa orðið til með þeim hætti að stefndi hafi tekið út spón hjá stefnanda fyrir d.kr. 66.864,66 en skilað aftur fyrir d.kr. 25.668,39. Mismuninn hafi hann ekki fengist til að greiða þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Um lagarök er vísað til laga um lausafjárkaup nr. 39/1922.

Í greinargerð, sem var lögð fram hinn 19. mars 1986 og hefur að geyma endanlegar dómkröfur stefnanda, er frá því skýrt að hinn 28. febrúar 1986 hafi stefnanda borist frá stefnda upp í kröfuna d.kr. 40.834,81, sem sundurliðist þannig:

Málskostnaður þá áfallinn ísl.kr. 43.740,00 eða	d.kr. 8.664,47
Vextir frá 1. nóv. 1984 til 1. mars 1986	d.kr. 11.304,25
Af höfuðstól (d.kr. 41.196,27)	d.kr. 20.866,09

Sýknukrafa stefnda er reist á því að umstefnd skuld sé löngu greidd. Samþykkt víxilsins, sem stefnandi hafi sjálfur útbúið, hafi verið í samræmi við viðskiptaskilmála aðilanna. Með því hafi reikningsskuldin verið greidd og jafnframt sé víxillinn greiddur. Því er mótmælt að vextir eða málskostnaður hafi fallið á reikningskröfuna.

IV

Við upphaf viðskipta aðila máls þessa lýsti stefnandi yfir á ótvíræðan hátt gagnvart stefnda, með áletrunum á vörureikninga, að kröfur samkvæmt þeim væru framseldar Andelsbanken A/S og að hinn nýi kröfuhafi væri einn réttur viðtakandi greiðslna. Reikningskröfurnar voru síðan greiddar með samþykkt víxla á þann hátt, er fullnægjandi þótti af hálfu Landsbanka Íslands, sem hafði verið falin innheimtan. Víxlarnir höfðu verið greiddir, er mál var höfðað.

Grundvöllur kröfugerðar stefnanda er sá, að honum beri endurgreiðsla innheimtuþóknunar og dráttarvextir úr hendi stefnda.

Stefndi var í góðri trú um að sér væri rétt að virða innheimtubríf lögmanns stefnanda að vettugi og að greiðsla til stefnanda mundi ekki leysa hann undan skuldbindingum vegna viðskiptanna. Víxlarnir voru enn til innheimtu í Landsbanka Íslands og hafði innheimtunni ekki verið fylgt fram með slíkum hætti að hið fyrra skuldasamband milli stefnanda og stefnda

yrði virkt að nýju. Verður því ekki fallist á að stefnanda beri endurgreiðsla innheimtuþóknunar úr hendi stefnda.

Í viðskiptum aðilanna var ekki samið um dráttarvexti. Af gögnum málsins verður ráðið með nokkurri vissu, að vegna dráttar á greiðslu víxla hafi stefnda verið gert að greiða d.kr. 3.020,54 í vexti, sem er hærri fjárhæð en nemur vaxtakröfu í innheimtubræfi. Ekki er upplýst hver fyrirmæli um dráttarvexti, ef einhver, fylgdu innheimtubeiðnum til Landsbanka Íslands. Óumdeilt er hins vegar að stefndi stóð bankanum skil umkrafðrar fjárhæðar. Á kröfu stefnanda í máli þessu, sem höfðað er til heimtu skuldar vegna vörureikninga, verður ekki fallist að því marki sem þær hafa í raun að geyma kröfu um ætlaða vangreidda vexti af víxlum þeim, sem um ræðir í málinu.

Niðurstaða máls þessa verður samkvæmt framangreindu sú að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Dæma ber stefnanda til að greiða stefnda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Dansk Finér-Center A/S.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað kr. 25.000,00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
